

Jeratún ehf.

Lykiltölur úr ársreikningi 2007

Rekstrarreikningur	2007	2006
Tekjur	31.092	29.569
Rekstrargjöld	(3.169)	(5.444)
Afskriftir	(4.749)	(4.581)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(50.654)	(53.158)
Hagnaður fyrir skatta.....	(27.530)	(33.614)
Tekjuskattur	0	1.722
Hagnaður ársins	(27.530)	(31.892)
Efnahagsreikningur		
Fastafjármunir.....	460.915	465.240
Veltufjármunir.....	4.316	10.656
Eignir samtals	465.231	475.840
Eigið fé.....	(19.080)	(23.550)
Langtímaskuldir og skuldbindingar	440.713	444.646
skammtímaskuldir.....	43.598	54.780
Eigið fé og skuldir samtals.....	465.231	499.446
Yfirlit um sjóðstreymi		
Handbært fé frá (til) rekstri.....	(3.864)	22.291
Fjárfestingahreyfingar.....	(425)	(33.439)
Fjármögnunarhreyfingar.....	(28.676)	(18.441)
Handbært fé í árslok	123	1.089
Kennitölur		
Veltufjárhlutfall		0,19
Eiginfjárhlutfall.....	-4,10%	-4,95%

Ársreikningur Jeratúns ehf. árið 2007.

Ársreikningur Jeratúns ehf. fyrir árið 2007 var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra félagsins í dag, 31. mars 2008.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Rekstrartap félagsins á árinu 2007 var 29.569 þús. kr. og í lok þess var eigið fé neikvætt sem nam -19.080 þús. kr. samkvæmt ársreikningi. *Ástæða fyrir þessu tapi má rekja til mikils*

fjármagnskostnaðar, en síðasta ár var félaginu óvenju óhagstætt hvað fjármögnun varðar. Ákveðið var að mæta þessu tapi með útgáfu á nýju hlutafé að upphæð 32.000 þús. krónur og verður það hlutafé greitt inn á árinu 2007.

Lántaka félagsins er vegna fjármögnunar framkvæmda við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. Í lok ársins námu eftirstöðvar lána 440,7 millj. kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Björg Ágústsdóttir, lögfræðingur og fyrrverandi bæjarstjóri í Grundarfirði, er framkvæmdastjóri Jeratúns ehf. og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.

Grundarfirði, 31. mars 2008.
Jeratún ehf.